

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Menningarsjóðinn Fegurri byggðir.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóðurinn Fegurri byggðir og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Sjóðurinn stundar ekki atvinnurekstur.

#### 2. gr.

Heimilisfang sjóðsins er í sveitarfélaginu Snæfellsbæ.

#### 3. gr.

Markmið sjóðsins er að veita styrki til framfara og menningarmála á því svæði er áður var Neshreppur utan Ennis. Einnig að veita námsstyrki til íbúa af þessu svæði sem stunda háskólanám. Höfuðmarkmiðið skal þó vera að prýða og fegra byggðirnar og varðveita sögutengdan fróðleik um svæðið.

Styrkveitingar úr sjóðnum fara fram, þegar stjórn sjóðsins telur ástæðu til, þó ekki oft en einu sinni á ári. Úthlutun skal fara fram á Hellissandi og tengjast Sandaragleði eða öðrum hátíðarsamkomum. Auglýsa skal eftir umsóknum eða tilnefningum um styrkveitingar. Úthluta má allt að fjórðu fimmtu vaxtatekna sjóðsins síðastliðið ár. Hinn hluti teknanna skal leggjast við höfuðstólinn.

Nú telur sjóðstjórnin eigi ástæðu til að ráðstafa þeim hluta ársteknanna, sem veita má til styrkja samkvæmt næstu málsgrein hér á undan og getur hún þá annað hvort lagt tekjurnar við höfuðstólinn eða geymt til síðari úthlutunar, en þó ekki lengur en í fimm ár.

#### 4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1.550.000 sem lagt er fram af Landsbankanum hf., Ólafsvík. Stofnfé er óskerðanlegt. Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hann kann að öðlast síðar. Stofnendur hafa engin sérréttindi í sjóðnum.

#### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum til 5 ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðal-  
mönnum í stjórn kosnir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Stefnt skal að því að stjórnarmenn eigi aðsetur og lögheimili í fyrrum Neshreppi utan Ennis. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hans. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi sjóðsins sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Stjórnin getur veitt umboð fyrir sjóðinn.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem fram fer á stjórnarfundum.

#### 6. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórnin getur sett sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

#### 7. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og er heimilt að gefa út og hafa á boðstólum gjafakort, minningarkort eða fara aðrar leiðir við tekjuöflun til eflingar stofnfjár sjóðsins. Birta skal árlega í héraðsblaði lista yfir gjafir eða framlög til sjóðsins.

#### 8. gr.

Allt fé sjóðsins skal ávaxtað í Landsbankanum í Snæfellsbæ og skal bankinn leitast við að veita sjóðnum bestu kjör sem mögulegt er hverju sinni. Stjórn sjóðsins skal velja einn eða fleiri löggilta

endurskoðendur til að endurskoða reikninga sjóðsins fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna sjóðsins.

9. gr.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjóðsins og til næstu áramóta.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari er stjórn sjóðsins heimilt að breyta. Ákveði stjórnin að leggja sjóðinn niður, skulu eignir hans að frádregnum skuldum, renna til aðila sem að mati fráfarandi stjórnar vinna að þeim markmiðum sem sjóðnum höfðu verið sett. Til að breyta skipulagsskrá þessari, eða til að leggja sjóðinn niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki.

11. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 7. júlí 2011.*

**Ríkarður Másson.**

\_\_\_\_\_  
*Björn Ingi Óskarsson.*